

Tilvísun í mál: R20100031

Íbúaráð Miðborgar og Hlíða

Reykjavík, 20. október 2020  
R20100031

Tjarnargata 11  
101 REYKJAVÍK

2350  
TIA

Efni:

***Aðgengismál í Nauthólsvík. Bókun aðgengis- og samráðsnefndar***

Á fundi aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks, sem haldinn var 13. október 2020, var lögð fram bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða, dags. 2. október 2020, vegna aðgengismála í Nauthólsvík. Aðgengis- og samráðsnefnd lagði fram eftirfarandi bókun undir þessum lið:

Aðgengis- og samráðsnefnd þakkar fyrir bókun íbúaráðs Miðborgar og Hlíða varðandi aðgengi á ylströndinni í Nauthólsvík og fagnar frumkvæði sem þessu. Aðgengis- og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks hefur tekið bókunina fyrir á fundi og tekur undir mikilvægi þess að tryggja aðgengi að Nauthólsvík. Nefndin mun koma málinu í farveg með formlegri úttekt og tillögum að úrbótum. Í kjölfarið verður málinu svo fylgt eftir.

Með kveðju

Tómas Ingi Adolfsson